

Nr. 1066

30. nóvember 2005

AUGLÝSING um skipulagsmál í Sveitarféluginu Árborg.

Deiliskipulag lóðanna Langamýri 8a - 14b og 16a - 20b á Selfossi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 17. nóvember 2005 tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðanna Langamýri 8a - 14b og 16a - 20b á Selfossi.

Tillagan er sett fram í mkv. 1:1000 í ágúst 2005 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 15. september 2005 til og með 13. október 2005, með athugasemdafresti til og með 27. október 2005.

Uppdráttur og greinargerð tillögunnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Selfossi, 30. nóvember 2005.

Grétar Zóphaníasson, fulltrúi á skipulags- og byggingadeild.

B-deild – Útgáfud.: 9. desember 2005